

**Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn í skólanum 30. október 2018 kl. 8.05**

Mættir: Ester Hjartardóttir fulltrúi grenndarsamfélags, Þuríður Sigurrós Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Sigríður Guðnadóttir fulltrúi kennara, Ingrún Vala Hlynsdóttir fulltrúi foreldra, Katrín Guðnadóttir fulltrúi starfsmanna skólans, Torfi Hjörvar Björnsson fulltrúi kennara, Helga Ósk Gunnsteinsdóttir 10. bekk, formaður nemendaráðs, Þrúður Sóley Guðnadóttir 10. Bekk, varaformaður nemendaráðs, Sírý Fjóla Þórarinsdóttir 9. bekk, fulltrúi nemenda, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Dagskrá

1. Fundarskipulag skólaársins 2018-2019
Ákveðið að funda fjórum sinnum á skólaárinu, þ.e. þriðjudaginn 30. október kl. 8.05, mánudaginn 3. desember kl. 8.05, mánudaginn 18. febrúar kl. 8.05 ásamt nemendaráði skólans og mánudaginn 6. maí kl. 8.05.
2. Sjálfsmatsskýrsla
Skólastjóri kynndi sjálfsmatsskýrslu skólans frá skólaárinu 2017-2018 og umbótaáætlun fyrir skólaárið 2018-2019. Umbótaáætlun var unnin í kjölfar sjálfsmatsins sem nú þegar er byrjað að vinna samkvæmt.
3. Starfsáætlun 2018-2019
Skólastjóri kynnti starfsáætlunina.
4. Félagsmál nemenda
Nemendaráð fundar vikulega í vetur. Ráðið hefur ákveðið að standa fyrir fjórum böllum í vetur ásamt uppákomum í skólanum á borð við bingó, sparifatadag, litadag, spurningakeppni, skíðaferð o.fl. Sigbrúður Harðardóttir kennari hóf starfið með nemendaráði nú í haust en Ingvar Jónsson kennari hefur tekið við.
5. Önnur mál
 - Söngstund skólans var hrósað, en slík stund hefur verið haldin tvisvar það sem af er hausti með öllum nemendum og starfsfólki.
 - Skólastjóri benti á nýjar reglur um mætingu nemenda sem tóku gildi í haust.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9.10
Jónína Magnúsdóttir, fundarritari